



Íbúaráð Kjalarness

Úttekt á þjónustu á Kjalarnesi

Á fundi borgarráðs þann 20. ágúst 2020 var lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 13. ágúst 2020, varðandi úttekt á þjónustu á Kjalarnesi, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti að vísa erindinu til meðferðar íbúaráðs Kjalarness.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur í úttekt á þjónustu við Kjalnesinga að íbúum finnst gott að búa á Kjalarnesi og það hefur marga kosti að búa í sveit í borg. Hópurinn sér mikið af tækifærum til að gera betur fyrir íbúa en ekki síður til að efla svæðið sem áfangastað fyrir aðra íbúa borgarinnar og ferðamenn. Í skýrslu starfshópsins eru kynntar 33 umbótatillögur sem gefa heildstæða mynd af þjónustu og þróun mála á Kjalarnesi, hvort heldur það er þjónusta á vegum Reykjavíkurborgar eða annarra aðila s.s. vegargerðar. Meirihluti borgarráðs fagnar þessari vinnu og þakkar öllum sem þátt tóku fyrir vel unnið starf af heilindum og metnaði.


Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Þakkað er fyrir umbótatillögur starfshóps um úttekt á þjónustu á Kjalarnesi. Þær sýna að þörf er á verulegum umbótum á Kjalarnesi. Tuttugu og þrjú ár eru liðin frá sameiningu Kjalarness og Reykjavíkur en við sameininguna voru sett fram markmið um þróun og eflingu byggðar á Kjalarnesinu. Allar götur síðan hefur Kjalarnesið ekki setið við sama borð og önnur hverfi borgarinnar hvað varðar uppbyggingu og almenna þjónustu. Fram kemur í skýrslunni að ekki hefur orðið af þeirri uppbyggingu sem lofað var við sameininguna þrátt fyrir að ýmsir aðilar hafi sýnt áhuga á að þróa byggð á sínum löndum á svæðinu og þeim hafnað að skipuleggja þar byggð. Þá hefur borgin heldur ekki úthlutað lóðum í sinni eigu. Þessi neikvæða þróun og íbúðaskortur á Kjalarnesi hefur leitt til þess að ungt fólk sækist eftir búsetukostum í öðrum sveitarfélögum s.s. á Akranesi. Áhugaleysi borgaryfirvalda og lóðarskortsstefna hefur leitt til þess að börnum í Klébergsskóla hefur fækkað og ekki stefnir í aukningu barna í skólanum á næstu árum. Upplifun íbúa á svæðinu að stefna Reykjavíkurborgar í skipulagsmálum hafi heft framþróun svæðisins og að það stefni í óefni ef svo heldur áfram. Afleiðing þess að lóðum hefur ekki verið fjölgað í Grundahverfi er að þjónusta hefur orðið verulega minni en vænta mátti. Þessari þróun þarf að snúa við svo staðið verði við þau loforð sem gefin voru við sameininguna og

til að Kjalarnesið njóti sömu þjónustu og önnur hverfi borgarinnar.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Þakkað er fyrir úttektina um þjónustu á Kjalarnesi. Í skýrslunni eru frábærar tillögur og framtíðarsýn fyrir borgarhlutann. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins hefur enga trú á því að meirihlutinn efni nokkra tillögu sem í skýrslunni er. Í um 20 ár hefur Kjalarnesið eitt hverfa í Reykjavík verið skilið eftir í framförum, uppbyggingu og skipulagi. Meira að segja býr hluti íbúa ekki við þau sjálfsögðu mannréttindi að hafa ljósleiðaratenginu sem eru nauðsynleg í nútíma samfélagi upp á nám og vinnu þó það standi nú til bóta. Kjalnesingum er óskað velfarnaðar í þeirri baráttu við meirihlutann sem nú er fyrrsjáanleg – að ná fram einhverjum af þeim umbótatillögum sem lagðar eru til í skýrslunni



Helga Björk Laxdal
e.u

Afrit:

Þjónustu- og nýsköpunarsvið